

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Desember 2017

## Skráð atvinnuleysi var 2,2% í desember

Skráð atvinnuleysi í desember var 2,2% og jókst um 0,1 prósentustig frá nóvember. Að meðaltali fækkaði um 3 á skrá í desember í ár frá desember í fyrra (2016), en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,3%.

Atvinnuleysi jókst í öllum landshlutum nema á Vesturlandi, þar sem atvinnuleysi minnkaði um 0,1 prósentustig. Atvinnuleysið jókst hlutfallslega mest á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurnesjum eða um 0,2 prósentustig en minna á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,1 prósentustig. Atvinnuleysi jókst meira meðal karla en kvenna eða um 0,2 prósentustig meðal karla en hlutfallstala atvinnuleysis kvenna breyttist ekki.

Greiddar voru 832,5 milljónir í atvinnuleysistryggingar í desember og 965 milljónir í fæðingarorlof.

Alls fóru 374 einstaklingar af skrá í desembermánuði, þar af 161 í vinnu eða um 43%.


Alls voru 1.196 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok desember eða um 28% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi eða 679.

Á árinu 2017 voru samtals móttækin 61 U2 vottorð útlendinga sem koma í atvinnuleit til Íslands, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári þegar gefin voru út 79 slík vottorð.

Í desember gaf Vinnumálastofnun út 100 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.758 atvinnuleyfi það sem af er ári.

Á árinu 2017 störfuðu samtals **36 starfsmannaleigur** á íslenskum vinnumarkaði með samtals **3.205 starfsmenn** samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 50 erlend fyrirtæki starfandi í desember 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 376 í desember og hefur þeim fækkað um 105 á milli mánaða.

Skráð atvinnuleysi frá des. 2015 til des. 2017



## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í desember og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í desember mældist eins og fyrr segir 2,2% og voru að jafnaði 3.916 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 190 á atvinnuleysissskrá frá nóvember. Hins vegar voru nú 3 færri á atvinnuleysissskrá en í lok desember 2016.

**GREIÐSLUSTOFA  
GREIDDI  
832,5 milljónir  
Í DESEMBER**

Par af voru:

- 751 milljón vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.
- 25,5 milljónir vegna barnadagpeninga.
- 56 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.


## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 2,9% og 2,5% á Norðurlandi eystra.

Alls voru 2.038 karlar að jafnaði atvinnulausir í desember og 1.878 konur og var atvinnuleysi 2,1% meðal karla og 2,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi

minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,4 prósentustigi lægra en í desember 2016. Atvinnuleysi eykst á hinn bóginn lítið eitt meðal karla og er nú 0,1 prósentustigi hærra en í desember 2016.

Alls voru 490 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok desember í ár sem samsvarar um 1,8% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fækkað frá desember 2016 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 570.



## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 869 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember en voru 905 í desemberlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 36 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra hefur hækkað úr 18,9% í desember 2016 í 20,5% í desember 2017.

## Starfsstéttir og atvinnugreinar


Fækkun var m.a. í hópi atvinnulausra sérfræðinga, sölu- og afgreiðslumanna frá desember 2016. Einnig var fækkun meðal atvinnulausra milli ára meðal þeirra sem starfa við sjávarútveg m.a. vegna þess að verkfall sjómanna var í desember 2016.

Hins vegar var fjölgun atvinnulausra meðal véla- og vélgæslufólks. Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að atvinnulausum hefur fækkað hlutfallslega mest meðal atvinnulausra í veiðum og fiskvinnslu sem stafar af því að verkfall sjómanna stóð yfir í desember 2016. Einnig fækkaði í framleiðsluiðnaði og upplýsingum og fjarskiptum. Hins vegar fjölgaði atvinnulausum í öðrum atvinnugreinum, hlutfallslega mest í opinberri þjónustu, mannvirkjagerð, heilbrigðis- og félagsþjónustu svo og í fræðslustarfsemi.

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.196 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok desember eða um 28% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 679, sem er um 57% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



### Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi nær yfirleitt hámarki í janúar og febrúar. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi aukist þá í ýmsum atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gætir eins og t.d. í mannvirkjagerð, verslun og flutningum. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í janúar aukist lítillega og verði á bilinu 2,2-2,4% en taki að lækka frá og með mars.


### Þjónusta við atvinnuleitendur

## Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 374 einstaklingar af skrá í desembermánuði, þar af 161 í vinnu eða um 43%. Þá voru 129 (34%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok desember eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 20 (5%) sem fóru af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða önnur endurhæfingarúrræði. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig var bótaréttur fullnýttur hjá 7 manns, 18 fóru í fæðingarorlof, 5 fluttu úr landi eða fóru í atvinnuleit erlendis og 6 fóru í nám.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í desember



Karlar voru 57% þeirra sem afskráðust í desember, en ekki umtalsverður munur á afskráningarástæðum eftir kyni. Um 77% afskráðra, eða 289 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf ár og 13% (47 manns) að auki í 6-12 mánuði, en 10% (38 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en ár. Stærstur hluti afskráðra var ungt fólk á aldrinum 18-29 ára (39%) og svo fólk á aldrinum 30-39 ára (29%).

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

### Auglýst störf í vinnumiðlun í desember

Alls kom inn 71 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desembermánuði. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þó almenn störf verkafólks eða 21, flest þeirra í fiskvinnslu. Þá voru auglýst 19 störf í ýmis konar þjónustu s.s. ýmis umönnunarstörf og matseld og einnig 19 störf sérfræðinga eða sérhæfðra starfsmanna af ýmsu tagi, s.s. störf byggingartæknifræðinga, markaðsfulltrúa og sérhæfðra sölumanna.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf og skrifstofustörf	19	27%
Þjónustustörf	19	27%
Afgreiðslustörf	6	8%
Iðnaðarmenn	6	8%
Verkafólk í þjónustu	6	8%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	15	21%
<b>Samtals</b>	<b>71</b>	<b>100%</b>

### Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Alls voru 51 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í desember, 27 karlar og 24 konur. Fólki sem tekur þátt í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum hefur fækkað nokkuð síðustu mánuði. Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í desember tók 631 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum, sem er nokkru minni þátttaka en í nóvember enda umfang úrræða eðlilega minna í jólamánuðinum.

Af þessum 631 voru 168 í ýmis konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá voru 270 manns á ýmis konar

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í desember



námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga, en einnig ýmis starfstengd námskeið, tölvunámskeið og bókhaldsnámskeið. Þá voru 129 einstaklingar skráðir í nám á framhalds- eða háskólastigi í desember.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í desember unnu 33 einstaklingar að slíkri hugmynd, 20 karlar og 13 konur. Þá voru 30 einstaklingar í atvinnutengdri endurhæfingu, í vinnustaðanámi og eða öðrum atvinnutengdum verkefnum.


## Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember voru gefin út 33 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 17 einstaklingur, 3 fóru til Lettlands en færri til annarra ríkja. Alls voru gefin út 420 U2 vottorð á árinu 2017.

Á árinu 2017 voru samtals móttækin 61 U2 vottorð útlendinga sem koma í atvinnuleit til Íslands, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári þegar gefin voru út 79 slík vottorð.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í desember voru gefin út 137 U1 vottorð og líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (85) og Tékklands (22), en mun færri vottorð til annarra landa. Á árinu 2017 voru gefin út 1.038 U1 vottorð sem er talsverð aukning frá síðustu árum, en árið 2016 voru gefin út 871 U1 vottorð og 791 árið 2015. Um 41% vottorðanna voru til Póllands, 19% til Tékklands og 9% til Spánar, en mun færri til annarra landa.

Útflutt réttindi (U1) í  
atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum  
á árinu 2017



## Þjónusta aukin við atvinnurekendur

Vinnumálastofnun hefur stóraukið þjónustu sína við atvinnurekendur eftir að hafa kynnt í desember nýja þjónustu inni á Mínun síðum atvinnurekenda sem aðgengilegar eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Nú geta atvinnurekendur skráð starf í auglýsingu (eða án auglýsingar) og átt öll samskipti við atvinnuráðgjafa í gegnum Mínar síður. Þessi viðbót gerir það að verkum að atvinnurekandi sem skráir starf fær sendar ferilskrár og tillögur atvinnuráðgjafa að starfsmanni í gegnum Mínar síður.

Við hvetjum atvinnurekendur til að kynna sér þessa viðbót og aðra þjónustu sem hægt er að nýta sér á [Mínun síðum atvinnurekenda inni á \*\*heimasíðu Vinnumálastofnunar\*\*](#).


## Útlendingar

# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

## Gefin voru út 1.758 atvinnuleyfi á árinu 2017

Í desember gaf Vinnumálastofnun út 100 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.758 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í desember voru 40 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 47 framlengd leyfi, 12 leyfi til námsmanna og eitt á grundvelli þjónustusamnings.

Á árinu 2017 sveifluðust útgefin atvinnuleyfi frá 97 leyfum í ágúst upp í 184 leyfi í júní. Á meðfylgjandi línuriti sést fjöldi útgefinna atvinnuleyfa eftir mánuðum vegna árána 2015 - 2017:



## Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 50 erlend fyrirtæki starfandi í desember 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 376 í desember og hefur þeim fækkað um 105 á milli mánaða.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.761 í desember á vegum 29 starfsmannaleiga. Starfsmönnum starfsmannaleiga hefur fækkað um 138 á milli mánaða.

Af þeim 29 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í desember voru 20 innlendar og 9 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar höfðu 1.711 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu 50 starfsmenn. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í desember störfuðu því samtals 446 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Á árinu 2017 störfuðu samtals **36 starfsmannaleigur** á íslenskum vinnumarkaði með samtals **3.205 starfsmenn** samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar.


Á árinu 2017 voru samtals **125 erlend fyrirtæki** starfandi á íslenskum vinnumarkaði með samtals **1.825 starfsmenn** samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar.

Nú þegar árið 2017 er liðið er fróðlegt að líta um öxl og skoða hver þróunin hefur verið á fjölda starfandi erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmanna á þeirra vegum eftir mánuðum á árinu. Meðfylgjandi súlurit sýnir að fjöldinn hefur verið breytilegur eftir mánuðum. Ekki er hægt að draga sérstakar ályktanir af sveiflum en ætla má að mannaflafrek verkefni hafi stýrt fjöldanum hverju sinni.



Samtals hafa 36 starfsmannaleigur verið starfandi á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2017. Í janúar 2017 voru 22 starfsmannaleigur starfandi og hefur fjöldi þeirra í einum mánuði verið mest 30. Meðfylgjandi súlurit sýnir hver þróunin hefur verið hvað varðar fjölda starfsmanna á vegum þessara starfsmannaleigna. Í janúar 2017 voru 851 starfsmenn starfandi á íslenskum vinnumarkaði og fór þeim ört fjölgandi eftir því sem tók að líða á árið og náði fjöldinn hámarki í september 2017 þegar það voru samtals 2.044 starfsmenn starfandi. Í október tók starfsmönnum svo að fækka. Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnuálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Starfsmenn starfsmannaleigna 2017



**FÆÐINGARORLOFS-SJÓÐUR GREIDDI 965 milljónir**  
til 1.202 karla og 2.911 kvenna í desember 2017

**ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 23 launamönnum**  
vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í desember

**Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:**

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.